



Ársskýrsla 2020 Menningarfulltrúi Reykjanesbæjar



Ársskýrsla 2020 Menningarfulltrúi Reykjanesbæjar

Reykjanesbær, 26. janúar 2021

Inngangur

Í þessari ársskýrslu er að finna yfirlit yfir störf og starfsemi á vegum menningarfulltrúa Reykjanesbæjar á árinu 2020. Undirrituð hefur starfað að menningarmálum hjá Reykjanesbæ frá árinu 2008 og heyrði undir framkvæmdastjóra menningarsviðs og síðar menningarfulltrúa og var hans hægri hönd. Auk þess að sinna verkefnastjórn á ýmsum verkefnum á vegum menningarfulltrúa sinnti ég einnig fræðslustörfum fyrir Listasafn Reykjanesbæjar. Í kjölfar þess að menningarfulltrúi lét af störfum í október 2019 og skipulagsbreytinga með tilkomu Súlunnar var starf menningarfulltrúa lagt niður en undirrituð fékk starfsheitið verkefnastjóri menningarmála og heyrði beint undir forstöðumann Súlunnar. Helstu verkefni voru viðburða- og hátíðahald í Reykjanesbæ auk utanumhalds um ýmis menningarmál og verður betur gert grein fyrir því í ársskýrslunni. Á vormánuðum 2020 færðist daglegur rekstur Duus Safnahúsa undir verkefnastjóra menningarmála og við það var starfsheitinu breytt í menningarfulltrúa Reykjanesbæjar.

Efnisyfirlit

1.	Menningarskrifstofa	6
1.1	Menningarsjóður	6
1.2	Ársskýrslur og starfsáætlanir	6
1.3	Samstarf.....	6
1.4	Styrkumsóknir.....	7
2	Ný verkefni á árinu	7
2.1	Skapandi sumarstörf / Hughrif í bæ	7
2.2	Menning og viðburðir	9
2.3	Aðventugarðurinn	9
3	Viðburðir.....	11
3.1	Prettándinn.....	11
3.2	Safnahelgi á Suðurnesjum	12
3.3	Barna- og ungmennahátíð.....	13
3.3.1	Markmið	13
3.3.2	Þróun	14
3.4	Sjómannadagurinn	14
3.5	17. júní.....	15
3.6	Ljósanótt.....	15
3.7	Hljómlist án landamæra	17
3.8	Pólsk menningarhátíð.....	17
3.9	Menningarverðlaun Reykjanesbæjar	18
3.10	Jólin.....	18
4	Listaskólinn	19
5	Duus Safnahús	19

5.1	Framtíðarsýn Duus Safnahúsa.....	20
6	Skessuhellir.....	20
7	Rekstur.....	21
8	Lokaorð.....	21

1. Menningarskrifstofa

Menningarfulltrúi hefur yfirumsjón með uppbyggingu og skipulagi menningarmála í Reykjanesbæ í samræmi við stefnu og markmið bæjaryfirvalda. Menningarfulltrúi reynir þannig að vera vakinn og sofinn yfir menningarmálum almennt í sveitarfélaginu og er í góðum samskiptum við allar menningarstofnanir. Liður í því var m.a. tilkoma sameiginlegrar viðburðardagskrár sem hleypt var af stokkunum síðla árs 2020 og sem betur verður gerð grein fyrir í kafla 2.2 Með því er gerð tilraun til að tengja stofnanirnar betur saman og gera okkur sterkari sem eina heild út á við. Þá er menningarfulltrúi einnig tengiliður þeirra menningarhópa, félaga og einstaklinga sem vinna að menningarmálum, við bæjarfélagið og menningar- og atvinnuráð og leggur sig fram við að veita góðar upplýsingar og þjónustu til allra þessara aðila.

1.1 Menningarsjóður

Í janúar var menningarfulltrúa falið að auglýsa umsóknir um menningarstyrki lausa til umsóknar. Var það gert með fréttum og auglýsingum á miðlum Reykjanesbæjar og Víkurfrétta auk þess sem bréf voru send á öll menningarfélög sem þegar voru með samninga í gangi og þau beðin að endurnýja umsóknir og senda inn skýrslu um starfsemi ársins. Menningarfulltrúi tók saman og vann úr gögnum fyrir ráðið. Samtals var 23 styrkjum úthlutað. Tólf þjónustusamningar voru endurnýjaðir, tíu verkefni hlutu styrk og einn rekstrarsamningur var endurnýjaður. Að þessu sinni voru það þó ekki allir styrkþegar sem nýttu styrkinn þar sem ekki tókst að framkvæma verkefnið vegna Covid 19. Menningar- og atvinnuráð veitti þá heimild til að nýta það fjármagn sem að öðrum kosti félli niður af þessum sökum, til verkefna tengdum Aðventugarðinum og nýttist þetta fé því vel þegar upp var staðið.

1.2 Ársskýrslur og starfsáætlanir

Í janúar voru starfsáætlanir fyrir menningarfulltrúa og Duus Safnahús unnar fyrir árið en segja má að við í Súlnni séum öll að feta okkur áfram í þeirri vinnu og að hún eigi eftir að þróast nokkuð hjá okkur eftir því sem okkur miðar áfram í nýju skipulagi og vinnuaðferðum.

Í mars voru unnar ársskýrslur fyrir Duus Safnahús í samvinnu við starfsfólk húsanna og ársskýrsla Listasafns Reykjanesbæjar en nýr safnstjóri tók við safninu í janúar þannig að menningarfulltrúi tók að sér að rita ársskýrslu fyrir 2019.

1.3 Samstarf

Menningarfulltrúi sat samráðsfundi með menningarfulltrúum á Suðurnesjum en á meðal samstarfsverkefna er Safnahelgi á Suðurnesjum sem var komin á gott skrið í undirbúningi og var fyrirhuguð 13.-14. mars en var á endanum slegin af vegna Covid 19.

Menningarfulltrúi situr einnig í stýrihópi verkefnisins Barnvænt sveitarfélag sem hefur að markmiði að innleiða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt starf á vegum Reykjanesbæjar.

Í samstarfi við forstöðumenn Byggðasafns og Bókasafns og forstöðumanns Súlunnar var unnið að endurskoðun á menningarstefnu Reykjanesbæjar og er sú vinna mjög langt komin en stefnan hefur nú verið send á öll ráð bæjarins til umsagnar.

Þá situr menningarfulltrúi einnig í stjórn Íslendinga og Útlendinga og hefur nokkur vinna fylgt því á árinu í undirbúningi og aðdraganda söluférlis þeirra.

Menningarfulltrúi hefur einnig átt gott samstarf við verkefnastjóra fjölmennings og hefur unnið með honum að verkefnum eins og t.d. Pólskri menningarhátíð.

1.4 Styrkumsóknir

Einn af föstu liðum ársins er að skrifa styrkumsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja. Að þessu sinni sótti menningarfulltrúi um styrki til tveggja verkefna; Barnamenningar sem er hátíð fyrir og með börnum í maí og svo fyrir verkefnið Skapandi sumarstörf. Milljón króna styrkur hlaust í verkefnið Barnamenning en hinni umsókninni var hafnað. Undir venjulegum kringumstæðum hefði einnig verið sótt um styrk í verkefnið Hljómlið án landamæra í samstarfi við hin sveitarfélögin á Suðurnesjum en þar sem fresta þurfti þeim viðburði á árinu 2020 fékkst vilyrði til að flytja styrkinn á milli ára.

2 Ný verkefni á árinu

Þrjú ný verkefni litu dagsins ljós á árinu og verður stuttleg grein gerð fyrir þeim hér.

2.1 Skapandi sumarstörf / Hughrif í bæ

Árið 2019 í kjölfar aukins atvinnuleysis á Suðurnesjum m.a. vegna gjaldþrots Wow Air veitti menntamálaráðuneytið ákveðnu fjármagni til svæðisins sem átti að stuðla að virkni ungs fólks með einhverjum hætti. Valgerður Guðmundsdóttir þáverandi menningarfulltrúi sótti um í sjóðinn fyrir hönd menningarskrifstofunnar fyrir verkefnið „Lifthópur ungmenna í Reykjanesbæ“ sem gerði ráð fyrir að ungmennum á Suðurnesjum á aldrinum 17-25 ára gæfist kostur á að sækja um skapandi sumarstarf sem liður í að mæta yfirvofandi atvinnuleysi. Verkefnið var samstarfsverkefni menningarskrifstofu Reykjanesbæjar, Vinnuskóla Reykjanesbæjar og Leikfélags Keflavíkur. Þegar til kastanna koma bárust of fáar umsóknir til að hægt væri að hrinda verkefninu af stað og varð ekkert úr framkvæmd það ár. Í lok árs 2019 hafði undirrituð aftur samband við menntamálaráðuneytið og fékk vilyrði fyrir að hluti styrkjarins yrði fluttur á milli ára og önnur tilraun gerð til að koma verkefninu í gang. Nú var til viðbótar ný staða komin upp sem var heimsfaraldur og því var enn erfiðara um vik á vinnumarkaði en árinu áður og því ekki síður brýnna að geta boðið upp á fjölbreytt störf. Samstarf náðist við Vinnuskóla Reykjanesbæjar um að hann stæði straum af launakostnaði en styrkurinn sem var í kringum 4 milljónir


yrði nýttur beint í þágu verkefnisins sjálfs. Vinnuaðstaða hópsins var í SBK húsinu í Gróf og var það frábær vettvangur fyrir þetta verkefni.

Auglýst var eftir tveimur verkefnastjórum og gengið frá ráðningu þeirra í maí. Þeirra hlutverk var að stýra verkefninu og halda utan um starfsmannahópinn. Fimmtán ungmenni voru ráðin inn í hópinn til tveggja mánaða en það var sett sem skilyrði að þau hefðu í umsókn fært einhver rök fyrir því að þau ættu heima í hópnum. Hópurinn hóf starfsemi þann 8. júní og starfaði í 8 vikur. Hópnum var skipt upp í smíðahóp og myndlistarhóp og var megin markmið starfsins að gera bæinn enn betri og fylla af lífi með því að bjóða upp á list fyrir augað og eyrað og viðburði ásamt því að skapa stað þar sem bæjarbúar gætu safnast saman og notið þess að eyða tíma í leik og gleði. Hópurinn tók sér nafnið Hughrif í bæ og það má með sanni segja að þeim hafi tekist ætlunarverk sitt því verkefni þeirra vöktu mikla athygli og fólk hrósaði þeim óspart á samfélagsmiðlum enda lögðu þau mikið upp úr rafrænni miðlun á vinnu sinni sem gerði hana afar sýnilega.

Meðal þeirra verkefna sem hópurinn vann voru sæluhús á Bakkalág, n.k. útsýnishús þar sem hægt var að fá skjól fyrir vindi; keflaborð, stólar og bekkir á pakkhúsreitnum (Hafnargötu 2); hlaðið grill og pizzaofn á pakkhúsreitnum; myndlist víða um bæinn m.a. tvær veggmyndir á Svarta pakkhúsið og Háaleitisskóla; regnbogi á Tjarnargötu fyrir framan Ráðhúsið, skemmtiþrautir á göngustíga í skrúðgarðinum o.fl. Þá stóð hópurinn einnig fyrir viðburðum m.a. tónleikum og loks fjölskyldudegi á pakkhúsreitnum.

Verkefnastjórnarnir unnu greinargóða skýrslu um verkefnið og þar leggja þau inn tvo megin punkta í því sem betur mætti fara. Annað er það sé mikilvægt að verkefnastjórnarnir komi fyrir inn í ferlið og sitji fundi með yfirmönnum sínum og þeim sem koma að verkefninu svo að liggi fyrir hvaða stærri verkefni eigi að vinna svo ekki þurfi að eyða tíma og orku í það á meðan á verkefninu stendur. Hitt er að nauðsynlegt er að svona hópur hafi til afnota vinnubíl þar sem mikið var um flutninga á efni og fólk í málningargalla o.fl.

Menningarfulltrúi tekur undir þessar athugasemdir og leggur ríka áherslu á að aftur verði hægt að bjóða upp á sambærilegt verkefni sem mikil ánægja var með í bænum.



Myndir: Hildur Hlíf Hilmarisdóttir og Sara Jóhanna Jónsdóttir

2.2 Menning og viðburðir

Menningarfulltrúi hafði nokkuð lengi gengið með það í maganum að það væri góð viðbót við þjónustu menningarstofnana bæjarins að koma fram sameiginlega undir einu merki á einum vettvangi þannig að bæjarbúar og aðrir sem vilja nýta þjónustu okkar geti á einum stað fundið upplýsingar um þá viðburði og dagskrá sem við veitum. Með Manino verkefnunum sem við í Súlunni tókumst á við á árinu skapaðist skyndilega vettvangur til samtals um þetta verkefni, unninn var þristur og á endanum var verkefninu hleypt af stokkunum með útgáfu rafræns „fréttabréfs“ sem fékk yfirskriftina Menning og viðburðir.

Hugmyndin er sú að í upphafi hvers mánaðar sé sent út á póstlista rafrænt „fréttabréf“ þar sem viðburðadagskrá mánaðarins í Bókasafni, Byggðasafni, Duushúsum, Listasafni, Rokksafni og á vegum menningarfulltrúa er birt með stuttum texta, mynd og vefslóð sem beinir fólki beint á nánari upplýsingar um viðburðinn. Forritið sem notast er við í þessum tilgangi er Mailchimp.

Fyrsta fréttabréfið var sent út í nóvember og síðan hafa komið út fréttabréf í desember og janúar og við höldum áfram á þessu ári.

Verkefni þessa árs verður að fjölga áskrifendum að bréfinu en fyrstu bréfin voru í fyrstu send á alla starfsmenn Reykjanesbæjar. Vinna þarf áætlun um hvernig sé best að fjölga þeim. Þá gerum við ráð fyrir að uppsetning og útgáfa bréfsins færist frá Gunnari Víði verkefnastjóra markaðsmála yfir á Rögnu Dögg safnfulltrúar Duus Safnahúsa.

Verkefnahópin skipa undirrituð, Gunnar Víðir verkefnastjóri markaðsmála og Tómas framkvæmdastjóri Hljómahallar.

2.3 Aðventugarðurinn

Aðventugarðurinn er nýtt verkefni á forræði menningarfulltrúa sem segja má að leysi af hólmi áratugalanga hefð sem er tendrun ljósanna á vinabæjarjólalatré frá Kristiansand. Skipulagsbreytingar í Kristiansand leiddu af sér að formlegt vinabæjarsamstarf var lagt af og því var tækifærið nýtt til að leita nýrra leiða í viðburðahaldi í aðdraganda jóla.

- Verkefnið var þrískipt. Í fyrsta lagi lýsing á svæðinu, í öðru lagi markaðstorg fyrir söluaðila og í þriðja lagi skemmtidagskrá á torginu.



Þann 30. október tók verkefnahópur undir stjórn menningarfulltrúa til starfa sem hafði það verkefni að skipuleggja og undirbúa Aðventugarðinn. Hópurinn skipuðu Guðlaug María Lewis menningarfulltrúi sem einnig var verkefnastjóri verkefnisins, Halla Karen Guðjónsdóttir viðburðastjóri og Eydís Rós Ármannsdóttir verkefnastjóri á verkefnastofu Súlunnar. Þórdís Ósk Helgadóttir forstöðumaður Súlunnar var ráðgjafi við verkefnið.

Helstu verkefni starfshópsins voru eftirfarandi:

- að skipuleggja og undirbúa dagskrá í Aðventugarðinum
- að skipuleggja og undirbúa markaðstorg í Aðventugarðinum

Halla Karen hafði umsjón með allri dagskrá og daglegum rekstri garðsins og Eydís hafði umsjón með umsóknum, úthlutunum og samskiptum vegna sölukofa auk skipulags leikskólaverkefnis.

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 30. október til 4. janúar. Hópurinn hélt alls 16 fundi.

Áður en verkefnahópurinn tók til starfa hafði menningarfulltrúi unnið að hugmynd og skipulagningu verkefnisins, gengið frá ljósamálum í garðinum og gengið frá kaupum og smíði á sölukofum fyrir Aðventugarðinn.

- Aðventugarðurinn var opnaður formlega laugardaginn 5. desember.
- Dagskrá fór fram í garðinum alla laugardaga í desember til jóla frá kl. 12-17 og frá kl. 16-23 á Þorláksmessu.
- Viðhorfskönnun sett í loftið í janúar. 152 svör bárust. Bæjarbúar tóku garðinum fagnandi.
- Bæjarbúum fannst jólaljósin vera það skemmtilegasta við Aðventugarðinn auk þess sem það vakti hrifningu að kíkja í sölukofana, á eldstæðin og að heilsa upp á jólasveinana og Grýlu.
- Helstu ábendingar: margir vildu sjá fleiri sölukofa og lengri opnunartíma á meðan aðrir vildu að skrudgarðurinn yrði skreyttur enn meira.
- Heildarkostnaður var rúmar 11 milljónir. Þar af var stofnkostnaður við kaup og smíði á sölukofum og ljósum í garðinn u.þ.b. 7,3 milljónir.
- Fyrirséður kostnaður fyrir næsta ár með engum breytingum er rúmar 3 milljónir. Á fjárhagsáætlun fyrir jóla, áramót og þrettánda eru 3 milljónir. Því er ljóst að aukalegt fjármagn vantar til að hægt sé að þróa verkefnið áfram.

Sérstök skýrsla var unnin um verkefnið Aðventugarðinn og er vísað í hana til nánari umfjöllunar um verkefnið.



Mynd: Víkurfréttir

3 Viðburðir

Stór hluti af starfi menningarfulltrúa felst í að sinna viðburða-/hátíðahaldi á vegum Reykjanesbæjar en er þá átt við viðburði tengda almennum hátíðisdögum svo sem eins og 17.júní, þrettánda, jólum en einnig sérstaka viðburði sem eru orðnir hluti af menningardagskrá Reykjanesbæjar svo sem eins og Ljósanótt, barnahátíð, safnahelgi á Suðurnesjum og fleira í þeim dúr. Hér verður rennt í stuttu máli yfir viðburði síðasta árs sem, eins og flest annað á árinu 2020, tóku miklum breytingum.

3.1 Þrettándinn

Þrettándaskemmtun fór fram með hefðbundnu sniði árið 2020 enda veiruskrattinn þá einungis óljós frétt frá Kína. Þrettándinn er nokkuð fastur í formi enda gömul hefð og hefur tekist nokkuð vel.

Samstarfsaðilar eru:

- Björgunarsveitin Suðurnes
- Skátafélagið Heiðabúar
- Tónlistarskóli Reykjanesbæjar
- Leikfélag Keflavíkur
- Karlakór Keflavíkur
- Kvennakór Suðurnesja
- Myllubakkaskóli

Boðið var upp á luktarsmiðju í Myllubakkaskóla í samstarfi við skólann og hefur það gefist mjög vel. Þar útbúa börnin sína eigin lukt sem þau mæta síðan með í blysför frá Myllubakkaskóla að hátíðarsvæði. Hátíðarsvæðið er við Hafnargötu 12 og á Bakkalág. Blysför undir stjórn skáta í púkagervum gekk frá Myllubakkaskóla, Tjarnargötu út á Hafnargötu og að útisviði. Á leiðinni birtast ýmsar kynjaverur í

umsjón Leikfélags Keflavíkur sem setur mikinn svip á dagskrána. Við sviðið tekur Grýla á mótí börnunum og stýrir dagskrá á sviði. Þar eru í aðalhlutverki kórarnir með álfakóng og drottningu í forsvari við undirleik hljómsveitar frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Auk þess sjá Grýla og jólasveinn um að skemmta börnunum. Björgunarsveitin Suðurnes hefur umsjón með brennu á malarsvæði neðan við verslunina Kóda auk þess sem sveitin sinnir öryggisgæslu á svæðinu öllu. Reykjanesbær býður bæjarbúum upp á heitt súkkulaði og piparkökur. Dagskrá lýkur með flugeldasýningu af Berginu í umsjón björgunarsveitarinnar. Dagskrá hófst kl. 16:30 með luktarsmiðju, blysför hófst kl. 18 og dagskrá var lokið fyrir kl. 19.

Þátttaka í þessum viðburði hefur verið góð, iðandi mannlíf á svæðinu en veður hefur auðvitað mikið um það að segja.

3.2 Safnahelgi á Suðurnesjum

Safnahelgi á Suðurnesjum er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Suðurnesjum sem haldin hefur verið samtals 11 sinnum á jafnmörgum árum. Safnahelgi átti að fara fram helgina 14. og 15. mars þar sem öll sveitarfélög á Suðurnesjum ætluðu að veita ókeypis aðgang í öll söfn á svæðinu. Árið 2019 sóttu um 10.000 manns viðburðinn og því brugðu menningarfulltrúar Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Voga og Suðurnesjabæjar á það ráð að fresta Safnahelgi. Ekki þótti ráðlegt að stefna fólki saman þegar svo mikið óvissuástand ríkti í þjóðfélaginu.

Menningarfulltrúi sat samráðsfundi með menningarfulltrúum á Suðurnesjum við undirbúning þessa viðburðar sem á endanum var sleginn af vegna Covid 19. Stefnt er að því að halda Safnahelgi um miðjan október 2021.

3.3 Barna- og ungmennahátíð

Við rekjum gjarnan upphafið að Listahátíð barna í Reykjanesbæ til þess að einn leikskóli hér í bæ hélt litla listahátíð með nemendum sínum og foreldrum árið 2006. Segja má að sú litla hátíð hafi orðið kveikjan að því að halda sérstaka listahátíð barna með þátttöku fleiri leikskóla í bænum. Sú varð raunin og smátt og smátt hefur hún vafið upp á sig og síðustu 6 ár hafa tekið þátt í hátíðinni allir 10 leikskólar bæjarins, grunnskólarnir 6, Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, dansskólarnir Bryn Ballett Akademían (sem hefur nú hætt starfsemi) og Danskompaní og listnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hátíðin er haldin á tveggja til þriggja vikna tímabili, oftast fyrri partinn í maí og er hún í þremur megin hlutum. Menningarfulltrúi hefur yfirumsjón með hátíðinni og vinnur hana í samstarfi við Listasafn Reykjanesbæjar, fræðsluvið og allar þær stofnanir og einkaaðila sem að henni koma. Því mætti halda fram að hátíðin komi þannig beint eða óbeint við flestar fjölskyldur í bæjarfélaginu.



Hátíðin samanstendur af:

- a) Listsýningum allra skólastiga í Duus Safnahúsum
- b) Hæfileikahátíð grunnskólanna í Stapa
- c) Dagskrá og viðburðum fyrir fjölskyldur í tengslum við hátíðina í Duus Safnahúsum og nágrenni.
- d) Ýmsum viðburðum fyrir börn á vegum annarra t.d. Fjörheima í tengslum við hátíðina.

3.3.1 Markmið

Markmiðin með hátíðinni hefur verið eftirfarandi:

- Að undirstrika mikilvægi skapandi hugsunar og listsköpunar fyrir samfélagið.
- Að gera skapandi starfi barna og kennara þeirra hærra undir höfði.
- Að skapa vettvang fyrir íbúa og fjölskyldur að njóta listsköpunar barna með skemmtilegum viðburðum og sýningarhaldi þeim að kostnaðarlausu.
- Að skapa vettvang fyrir fjölskyldur til að taka virkan þátt í menningarlífi bæjarins og kynnast menningarhúsunum.

3.3.2 Þróun

Á árinu 2020 var lagt upp með að útvíkka hátíðina og tengja fleiri framkvæmdasvið bæjarins við hana þannig að hún yrði ekki bara verkefni menningarskrifstofu heldur líka vettvangur fyrir aðrar stofnanir að tengja sig við, verkefninu til framdráttar. Í þessu skyni var stofnaður stýrihópur um verkefnið sem í voru fjölmenningarfulltrúi, lýðheilsufulltrúi, íþrótt- og tómsundafulltrúi, grunnskólafulltrúi, forstöðumaður Fjörheima auk menningarfulltrúa. Markmiðið með þeirra starfi var m.a. að útvíkka hátíðina með aðkomu fleiri stofnana/sviða Reykjanesbæjar og utanaðkomandi aðila.

Alls voru fjórir fundir haldnir með stýrihópi frá 12.febrúar til 25.mars þegar ljóst var orðið að ekki yrði að hátíðarhöldum líkt og drög höfðu verið lögð að. Bæði var skólastarf lamað að hluta og ekki hægt að safna saman fólki þar fyrir utan. Ákvörðun var þá tekin um að reyna að bjóða upp á rafræna dagskrá af einhverjum toga. Jafnframt var ljóst að ekki var sérlega mikill tími til stefnu til að skipta alveg um kúrs heldur þyrftum við að einfalda alla framkvæmd.

3.3.2.1 Listahátíðarhluti

Undir eðlilegum kringumstæðum hefði verið sett upp stór sýning í Duus Safnahúsum með sýningum frá öllum skólastigum. Í staðinn fyrir hana fóru menningarfulltrúi og safnstjóri Listasafnsins í heimsókn í alla skólana með myndatökumanni og tekin voru upp viðtöl og myndir af listaverkunum. Hver skóli fékk síðan sent sitt efni auk þess sem send voru út myndbönd á vefmiðla Reykjanesbæjar og listasafnsins með þessu efni. Um leið varð þetta góð heimild um þá vinnu sem unnin var í tilefni hátíðarinnar.

3.3.2.2 Dagskrá fyrir fjölskyldur

Í stað fjölskyldudagskrár við Duus Safnahús var farin sú leið að bjóða upp á glæsilegan þrautaleik fyrir fjölskylduna sem unnin var í samstarfi við Skemmtigarðinn. Hægt var að spila mismunandi útfærslur í öllum hverfum/bæjarhlutum Reykjanesbæjar með símann að vopni og reyndist þetta mjög skemmtilegt, svo skemmtilegt að okkur fannst ástæða til að keyra leikinn aftur á 17.júní. Leikurinn á barnahátíð fór fram helgina 23.-24.maí. Gjafabréf í Skemmtigarðinn og bíómiðar voru veitt í verðlaun fyrir stigahæstu þátttakendur auk þess sem þátttakendur voru dregnir út af handahófi. Halla Karen Guðjónsdóttir viðburðastjóri var fengin til að vinna að ratleiknum með menningarfulltrúa.

3.4 Sjómannadagurinn

Sjómannadagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur með dagskrá í Duus Safnahúsum, menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar. Dagskráin er unnin í samstarfi nokkurra aðila og hefst með sjómannamessu sem haldin er til skiptis á vegum Keflavíkurkirkju og Njarðvíkurkirkju. Í ár var hún á vegum Njarðvíkurkirkju. Í lok dagskrár er lagður krans við minnismerki sjómanna við Hafnargötu fyrir tilstilli Vísis,félags skipstjórnarmanna á Suðurnesjum, Vélstjórafélags Suðurnesja og Verkalýðs- og sjómannafélags Suðurnesja.

3.5 17. júní

Enn á ný kölluðu sóttvarnaraðgerðir á breytta nálgun á hátíðarhöld ársins. 200 manna fjöldatakmörkun var til 15.júní en þá var 500 manna takmörkun sett á en þá orðið full seint að breyta dagskrá. Ákveðið var að falla frá fjölskyldudagskrá í skruðgarðinum líkt og þeir sem tíðkast hefur um árábil og í stað hennar að bjóða upp á þrautaleik fjölskyldunnar á nýjan leik með fleiri stöðvum en áður.

Í skruðgarði fór þó fram hefðbundin hátíðardagskrá og frá henni sáu Víkurfréttir um að streyma á sinni Facebooksíðu og Reykjanesbæjar. Á undan henni kl. 12 fór fram hátíðarguðþjónusta í Keflavíkirkirkju en engin skruðganga þaðan í garðinn.

Klukkan 13 báru skátar úr Heiðabúum íslenska fánann inn í garðinn frá Sólvallagötu þar sem Inga María Ingvarsdóttir, fyrrum leikskólastjóri dró fánann að húni. Kjartan Már Kjartansson flutti þakkarorð og Karlakór Keflavíkur flutti þjóðsönginn. Jóhann Friðrik Friðriksson forseti bæjarstjórnar flutti setningarræðu og ræðu dagsins flutti Sveinbjörg Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur. Fjallkona dagsins var Salka Lind Reinhardsdóttir nýstúdent. Þessi viðburður var mjög hátíðlegur og fór fram framan við stóru fánastöngina án nokkurs sviðs eða hljóðkerfis þar sem hugmyndin var að fólk fylgdist með dagskránni heiman frá sér. Í ljós kom að nokkur hópur mætti í garðinn og betra hefði verið að hafa lítið hljóðkerfi til að geta betur tryggt dreifingu á fólki.

Þessu til viðbótar var boðið upp á sundlaugarpartý með skífuþeytara fyrir börn sem voru að klára 4.-7. bekk. Einnig var boðið upp á pylsupartý í Fjörheimum fyrir nemendur 4.-10.bekkjara. Loks var boðið upp á partý í Fjörheimum fyrir 7.-10.bekk þar sem Ingó veðurguð hélt uppi stemningu. Allir viðburðirnir gengu mjög vel en þátttaka í unglingsviðburðum í Fjörheimum var ekki mikil. Halla Karen Guðjónsdóttir sá um viðburðastjórn og stóð sig með þryði. Hún skilaði sérstakri skýrslu um framkvæmdina.

3.6 Ljósanótt

Undirbúningur fyrir Ljósanótt, menningar- og fjölskylduhátíð hófst í febrúar. Unnið var að innleiðingu nýs verklags við undirbúning hátíðarinnar með aðferðafræði verkefnastjórnunar. Liður í því var að stofna stýrihóp sem yrði eigandi verkefnisins og tæki ákvarðanir um ramma og ásýnd hátíðarinnar, stuðlaði að framþróun hennar og tryggði aðföng. Einnig var skipað teymi sem til að sjá um framkvæmd einstakra verkþátta og bera ábyrgð á þeim. Verkefnið skyldi leitt af verkefnisstjóra og honum innan handar var ráðgjafi.

Stýrihópurinn samanstóð af forstöðumönnum sviða ásamt bæjarstjóra. Verkefnahópurinn skipuðu starfsmenn Reykjanesbæjar sem tilnefndir voru af sviðsstjórum og báru ábyrgð á ákveðnum verkþáttum, menningarfulltrúi var verkefnastjóri og forstöðumaður Súlunnar var ráðgjafi við verkefnið. Sex fundir voru haldnir með stýrihópi og fimm fundir voru haldnir með verkefnateymi. Lagt var upp með að unnið yrði að sérstakri verkefnahandbók um Ljósanótt og er hún komin nokkuð á veg en þó er nokkur vinna eftir áður en hún getur talist tilbúin. Þá var ráðinn inn starfsmaður úr sérstöku

námsmannátaki Vinnumálastofnunar og sveitarfélagsins. Sara Jóhanna Jónsdóttir, til þriggja mánaða sem átti að sinna kynningar- og markaðsmálum fyrir hátíðina og var það frábær viðbót í hópinn enda alveg ljóst að mjög mikilvægt er að vel sé haldið utan um þau mál í jafn stórum viðburði og Ljósanótt er.

Ljósanótt 2020				
Stýrihópur: Regína, Hera, Helgi, Gulli, Unnar Steinn, Þórdís, Halla, Kjartan				
Teymi: Gulli, Bjarni, Hafþór, verkefnastjóri markaðsmála, Sigurgestur, Tommi, Guðrún				
Súlan/Fjár	Súlan	Súlan/fræðsluvið	Umhverfissvið	Velferðarsvið
Fjáröflun	Markaðssetning	Viðburðir og dagskrá	Hátíðarsvæði	Heimsmarkmið
Sigurgestur	Verkefnisstjóri markaðs	Gulla	Bjarni (GHS)	Guðrún
Samningar við styrktaraðila	Ásýnd hátíðar	Opnanir sýninga - fim	Skipulag hátíðarsvæðis	Samtal við foreldra
Samningar við þjónustuaðila	Kynningarefni	Setning - fös?	Uppsetning á sviðum	Heilsa og heilbrigði
	Talpunktar	Árgangaganga	Söluaðilar	Plastlaus Ljósanótt
	Viðmælendalisti	Dagskrá á útisviði - dagur	Tívolí útiatriði	Virk þátttaka allra hópa
		Dagskrá á útisviði - kvöld		Forvarnir
		Viðburðir á hátíðarsvæði	(Öryggisnefnd)	
		Barnadagskrá	Lokanir	
		Íþrótt- og tólmstundav.	Gæsla	
			Samskipti við öryggisteymi	
Teymi:	Teymi:	Teymi:	Teymi:	Teymi:
Sólveig	Halla	Hafþór	Hafþór	V.stj. markaðsmála
Jóna Hrefna?	Hilma	Tommi	Starfsmenn umhverfismiðst	Hilma
Skjaladeild	Ingi Þór	Haraldur Axel	Fulltrúar frá körfunni	Berglind
Kristinn Þór - innkaupastj.		Fulltrúi bókasafns	"Öryggisnefnd":	Heimsmarkmiðahópur
		Ingibjörg Hilmarsd	Fulltrúar USK (Gulli, Bjarni, Hafþór, Gulla, VEL), lögregl	

Í upphafi var lagt upp með hefðbundna Ljósanótt með smávægilegum breytingum þó m.a. á setningarathöfn sem færa átti til föstudags og tengja við dagskrá föstudagskvölds. Snemma varð þó ljóst að heimsfaraldurinn setti strik í okkar áætlanir og í apríl var farið að huga að varaáætlunum. Fylgst var vel með framþróun samkomutakmarkana og í júlí var tekin sú ákvörðun að yfirskrift Ljósanætur yrði „Ljósanótt í höndum bæjarbúa“. Tekin var ákvörðun um að fella niður alla stóra viðburði sem hefðu kallað á samsöfnun fólks svo sem dagskrá við útisvið og flugeldasýningu og íbúum boðnir styrkir allt að 500 þúsund krónum til að standa fyrir smærri viðburðum í sínum hverfum. Mikil og góð viðbrögð urðu við þessu og á fjórða tug umsókna bárust. Á fundi menningar- og atvinnuráðs þann 12. ágúst var loks tekin ákvörðun um að Ljósanótt árið 2020 yrði aflýst:

Bókun Menningar- og atvinnuráðs:

Menningar- og atvinnuráð tekur undir sjónarmið stýrihóps Ljósanætur og telur sýnt að ekki verði gerlegt að halda Ljósanótt dagana 2 -6. september n.k. í ljósi þeirra samkomutakmarkana sem nú eru í gildi auk 2 metra reglu. Ráðið telur mikilvægt að sveitarfélagið sýni ábyrgð og stuðli ekki að óþarfa samsöfnun fólks á óvissutímum. Ráðið leggur því til að hátíðinni 2020 verði aflýst.

Um leið lýsir ráðið mikilli ánægju með góð viðbrögð við yfirskrift hátíðarinnar „Ljósanótt í höndum bæjarbúa“ en á fjórða tug umsókna barst í sérstakan Ljósanætur sjóð sem settur var á laggirnar til að gera íbúum kleift að standa að smærri viðburðum víða um bæinn.

Ráðið leggur áherslu á að slíkur sjóður verði einnig opinn fyrir umsóknir á næsta ári svo íbúar geti með virkari hætti tekið þátt í að skapa hátíðina. Ráðið hvetur umsækjendur til að halda áfram að móta hugmyndir að fjölbreyttum viðburðum og koma sterk inn að ári. Ráðið mælist til þess að tekið verði tillit til þess í fjárhagsáætlun næsta árs og fjármagni sem ætlað var í Ljósanótt 2020 verði bætt við fyrirhugað fjármagn Ljósanætur 2021.

3.7 Hljómlist án landamæra

Til stóð að halda Hljómlist án landamæra í október en ákvörðun tekin um að fresta viðburðinum fram á vor 2021 vegna Covid 19. Verkefnið sem er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Suðurnesjum í framkvæmd Reykjanesbæjar hefur hlotið styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja og fékkst samþykki fyrir því að styrkurinn yrði fluttur á milli ára en nú er útlit fyrir að fresta þurfi tónleikunum enn á ný en vonandi verður hægt að halda þá síðar á árinu og er stefnt á október.

3.8 Pólsk menningarhátíð

Pólsk menningarhátíð í Reykjanesbæ fór fram í þriðja sinn 2.-8. nóvember í samstarfi menningarfulltrúa og verkefnastjóra fjölmennningar sem einnig var verkefnastjóri verkefnisins. Yfirskrift hátíðarinnar í ár var „Saman í krafti fjölbreytileikans.“

Reykjanesbær hefur ákveðið að halda árlega upp á þjóðhátíðardag Póllands með þessum hætti sem lið í því að styrkja kraft fjölbreytileikans í samfélaginu. Um fjórðungur íbúa Reykjanesbæjar hefur erlent ríkisfang eru um tveir þriðju þeirra með pólskt ríkisfang sem er langstærsti einstaki þjóðarhópurinn í hópi íbúa Reykjanesbæjar (fyrir utan íslenskt ríkisfang).

Markmið hátíðarinnar er að:

1. Stuðla að auknum jöfnuði í samfélaginu.
2. Virkja íbúa af pólskum uppruna til þátttöku í samfélaginu.
3. Vinna að jákvæðu viðhorfi í garð fólks af pólskum uppruna.

Í fyrsta sinn var ákveðið að ráða tvo verkefnastjóra af pólskum uppruna, Mörtu Niebo Foto og Moniku Dorota Krus, til að sjá um framkvæmd hátíðarinnar og að menningarfulltrúi og fjölmennningarfulltrúi yrðu þeim bakland og ráðgjafar og bæru ábyrgð á framkvæmd. Þetta var gott framfaraskref þar sem fullt af nýjum tengingum urðu til við samfélag Pólverja á Íslandi og einhvern veginn eðlilegra að sjónarhorn íbúa af pólskum uppruna stýrði för og hefði meiri áhrif á mótun hátíðarinnar heldur en að sjónarmið tveggja íslenskra verkefnisstjóra gerðu það.

Fljótt varð ljóst að Coronaveirufaraldurinn myndi setja stórt strik í reikning hátíðarinnar og var tekin ákvörðun um að dreifa henni yfir heila viku og gera alla viðburði sýnilega á samfélagsmiðlum sveitarfélagsins. Þetta varð til þess að mun fleiri vissu af og sáu viðburði á vegum hátíðarinnar heldur en ef um einn stakan viðburð hefði verið að ræða. Þannig höfðu þessar takmarkanir ýmislegt gott í för með sér einnig. Sérstök skýrsla verður unnin um hátíðina af verkefnastjórum.

3.9 Menningarverðlaun Reykjanesbæjar

Enn á ný þurfti að hugsa út fyrir boxið þegar kom að viðburðahaldi á árinu. Súlan, menningarverðlaun Reykjanesbæjar, hefur alla jafna verið afhent við hátíðlega athöfn og opnun sýninga í Duus Safnahúsum í kringum 16.nóvember, sem er dagur íslenskrar tungu.

Gripið var til þeirra ráða að útbúa myndband þar sem brugðið var á leik með



hvítvínskonum og sem endaði á strætóferð heim til súluverðlaunahafa þar sem bæjarstjórinn flutti henni ávarp og afhenti Súluna. Að þessu sinni var það Alexandra Chernyshova sópransöngkona sem hlaut Súluna fyrir framlag sitt til eflingar tónlistarlífs í Reykjanesbæ.

3.10 Jólin

Megin jólaverkefni ársins var Aðventugarðurinn sem grein var gerð fyrir í kafla 2.3. Að auki var jólastofan og jólasveinaratleikur sett upp í Duus Safnahúsum. Nýtt jólaverkefni var auk þess sett af stað á vegum Duus Safnahúsa, sem var „Jólasveinn dagsins“. Þrír ungir menn úr Leikfélagi Keflavíkur voru fengnir til breðga sér í hlutverk gömlu jólasveinanna og setja á svið stutta „sketcha“ með jólasveini dagsins. Dagur Jóhannsson, starfsmaður Listasafns Reykjanesbæjar, var fenginn til að taka þetta upp og klippa. Eitt myndband á dag var birt á facebooksíðu Duus Safnahúsa frá þeim tíma þegar fyrsti jólasveinninn mætti í bæinn og þar til sá síðasti hafði skilað sér til byggða. Menningarfulltrúi sendi upplýsingar um verkefnið á alla leikskóla bæjarins til að þeir gætu nýtt í skólastarfinu. Þetta tókst vel og hafði fólk vonandi gaman af. Þessi póstur barst frá móður 9 ára drengs:

Fimm ára sonur minn er mikill vinur jólasveinanna og elskar jólasveinaþættina ykkar.

Svo mikið að honum finnst þeir MIKLU betri en þættirnir frá Þjóðminjasafninu ☺

Hann biður um þessa þætti um leið og hann vaknar og bíður svo eftir því að klukkan verði 11 til þess að fá að horfa á nýjan þátt.

Dóttir mín 9 ára hefur líka mjög gaman af þessu.

Til hamingju með þetta!



4 Listaskólinn

Menningarfulltrúi hefur haldið úti sumarnámskeiði fyrir börn undir merkjum Listaskóla barna um langt skeið. Námskeiðin eru rekin í samstarfi við Félag myndlistarmanna á Suðurnesjum og Leikfélag keflavíkur en félögin lána aðstöðu sína undir námskeiðin. Námskeiðið er sívinsælt og komast færri að en vilja. Síðustu ár hefur Halla Karen Guðjónsdóttir tekið að sér rekstur á skólans við góðan orðstír. Með henni starfaði Katla Gunnarsdóttir sem meðleiðbeinandi. Tvö námskeið voru haldin í júní, fyrir og eftir hádegi. Samtals voru 70 börn skráð á námskeiðin. Til aðstoðar á námskeiðunum eru leiðtogar en það eru nemendur úr Vinnuskóla Reykjanesbæjar og voru 12 slíkir starfandi í sumar.

Markmiðið með námskeiðunum er að skapa þægilegt og gott andrúmsloft þar sem sköpunargáfan fær að njóta sín og er það mat þeirra sem að námskeiðunum koma að það hafi tekist mjög vel.

Samtals voru 22 börn á biðlista og komust því færri að en vildu. Margir höfðu samband og vonuðust eftir að námskeiðið yrði haldið aftur í júlí og ágúst og urðu vonsviknir. Ef til vill mætti huga að frekari útfærslu á því. Halla Karen skilaði sérstakri skýrslu um verkefnið.



Mynd: Halla Karen Guðjónsdóttir

5 Duus Safnahús

Á vormánuðum tók menningarfulltrúi við daglegum rekstri Duus Safnahúsa eftir skipulagsbreytingar og veitir þeim forstöðu. Duus Safnahús eru menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar og þar eru aðal sýningarsalir Byggðasafns og Listasafns Reykjanesbæjar. Þar er einnig starfrækt upplýsingamiðstöð ferðamála sem hýsir gestastofu Reykjanes Geopark og sýningu um Reykjanesjarðvang. Þar er einnig salur fyrir almenna menningarviðburði, fundi, fyrirlestra o.fl. Í húsunum fara fram ýmsir viðburðir á vegum safnanna svo sem móttaka skólalópa, leiðsagnir, fræðsla og viðburðir tengdir sýningum hverju

sinni. Einnig fara fram viðburðir á vegum hússins sjálfs t.d. tónleikar eða aðrar menningartengdar uppákomur.

Árið allt varð fyrir miklum áhrifum vegna Covid 19 og má segja að starfsáætlun húsanna hafi riðlast að miklum hluta vegna samkomutakmarkana og lokana en húsin voru lokuð samtals í yfir tvo mánuði á árinu. Heildargestafjöldi var 6.581 sem er 74% fækkun frá fyrra ári þegar þeir voru 25.268. Þrátt fyrir ýmis konar hindranir voru 12 nýjar sýningar opnaðar á árinu og rafræn miðlun tók risa stökk og var mjög áberandi á samfélagsmiðlum safnanna og húsanna. Unninn var sérstakur samstarfssamningur þeirra aðila sem eiga samstarf í húsunum og vinna við framtíðarsýn er komin vel á veg og heldur áfram á árinu 2021.

Sérstök ársskýrsla er unnin fyrir Duus Safnahús.

5.1 Framtíðarsýn Duus Safnahúsa

Í ljósi þeirra skipulagsbreytinga sem áttu sér stað á árinu 2019 hafa ýmsar forsendur breyst . Þannig gegndi menningarfulltrúi áður einnig hlutverki forstöðumanns Listasafns Reykjanesbæjar auk þess að Byggðasafn Reykjanesbæjar og verkefnisstjóri ferðamála heyrði undir hann. Þannig var rekstur og starfsemi Duus Safnahúsa svo til á einni hendi. Við skipulagsbreytingarnar starfar menningarfulltrúi nú við hlið forstöðumanna safnanna og verkefnastjóra ferðamála og því má segja að fjórir aðilar komi að skipulagningu á starfsemi húsanna þótt menningarfulltrúi beri ábyrgð á daglegri starfsemi í húsunum og rekstri þeirra. Við þessar breytingar varð ljóst að góður skilningur þarf að ríkja á meðal samstarfsaðilanna og því nauðsynlegt að skilgreina vel starfsemi þeirra stofnana sem vinna saman og fyrirkomulag þess samstarfs. Í því markmiði unnu þessir aðilar sérstakan samstarfssamning sem nú er unnið eftir.

Þá hefur einnig, síðan í ágúst, staðið yfir vinna meðal þessara fjögurra samstarfsaðila um framtíðarsýn Duus Safnahúsa. Samstarfsaðilarnir vilja hámarka nýtingu húsanna miðað við núverandi fyrirkomulag en um leið hugsa til framtíðar og vinna að sameiginlegri framtíðarsýn fyrir söfnin og menningarstarfsemi í húsunum og nánasta umhverfi. Markmiðið er að ljúka þeirri vinnu á komandi vikum.

6 Skessuhellir

Fátt markvert gerðist í tengslum við Skessuhelli á árinu. Í febrúar skall á mikið óveður í bænum svo flæddi yfir varnargarða og m.a. inn í hellinn. Sem betur fer urðu skemmdir á hellinum og Skessunni sjálfri óverulegar en samband rofnaði við myndavélar í hellinum. Við það var ekki hægt að fylgjast með mannaferðum í myndavélakerfi Duus Safnahúsa líkt og hægt var auk þess sem ekki bárust skilaboð frá teljara í hellinum. Bæði Securitas og tölvudeild Reykjanesbæjar hafa unnið að lausnum en því miður hefur málið dregist á langinn. Nú í janúar hefur þó loksins verið gerður skurkur í málinu og verið að

vinna að lausn málsins sem vonandi verður klárað núna febrúar 2021. Nokkrar skemmdir af manna völdum voru unnar á Skessunni og er hún tábrotin. Norðanbálmenn, listhópurinn sem bjó Skessuna til á sínum tíma, tóku að sér viðgerð en hafa enn ekki klárað. Þá gekk umhverfissvið frá betri lausn á búi skessunnar þannig að erfiðara væri að brjótast inn í það.

Ljóst er að Skessan á mikið inni sem áfangastaður og afþreying fyrir bæjarbúa og gesti og hægt að gera ótal margt skemmtilegt í tengslum við hana. Meðal annars þarf að taka í gegn merkingar og ýmislegt fleira. Stefnumótunar um verkefnið er þörf og áhugi á því meðal starsfólks Súlunnar.

7 Rekstur

Hér skal tekið fram að fjárhagsárið varð fyrir töluverðum áhrifum af þeim skipulagsbreytingum sem sviðið hefur verið að fara í gegnum. Ýmsar tilfærslur hafa verið gerðar á 05 lyklunum svo töluvert rask var á áætluninni innan ársins. Því má reikna með að tölur næsta árs gefi betri mynd af raunverulegri stöðu mála.

Á fjárhagsáætlun 2020 voru 44.421.000kr áætlaðar til reksturs menningarskrifstofu, listaskóla barna, hátíðahalda í tengslum við jóla, áramót, þrettándagleði, 17.júní, hátíðir barna, önnur hátíðahöld, Ljósanótt og Skessuhelli. Raunkostnaður reyndist kr. 41.351.079 en tekjur vegna styrkja að upphæð kr. 11.354.000 lækkuðu raunkostnað niður í kr.29.997.079. Rekstur ársins var því vel innan marka en þá ber einnig að minna á að minni kostnaður en ella var í tengslum við viðburðahald í ljósi ástandsins.

8 Lokaorð

Árið 2020 gleymist seint. Það var einstaklega krefjandi fyrir sakir Covid 19 heimsfaraldursins sem setti strik í allar áætlanir og því fór árið mikið í að bregðast við breyttum aðstæðum en jafnframt fór mikil orka í að vonast eftir betri tíð og að halda í áætlanir í lengstu lög. Þetta hafa verið, eins og svo oft hefur verið sagt, fordæmalausir tímar og því vissi enginn við hverju væri að búast sem gerði alla áætlanagerð gríðarlega erfiða. Þessu til viðbótar erum við hjá Súlunni, ný skrifstofa, með öllum þeim áskorunum sem því fylgir. Flestir starfsmanna að fóta sig í nýjum verkefnum og við öll að reyna að finna fjölin okkar bæði í eigin störfum og sem heildar. Þetta hefur gengið vel en reynt á, annað væri mjög óvenjulegt. Það góða við árið er að áskoranir þess þétta hópinn og færðu okkur mikilvægt samtal og samstarf sem er án vafa það besta sem þetta ár gaf af sér. Þegar ég lít yfir árið er ég mjög stolt af og ánægð með það að þrjú ný og vel heppnuð verkefni skyldu verða til sem vonandi bíða þess að fá að vaxa og dafna. Ég er einnig mjög ánægð með hvernig okkur tókst til við að aðlaga önnur verkefni að breyttum aðstæðum og þegar litið er í baksýnispegilinn hefði ég viljað gera betur í nokkrum öðrum verkefnum sem urðu fyrir áhrifum af ástandinu. Óhætt er að segja að álag hafi fylgt þessum aðstæðum, þ.e. bæði heimsfaraldri og skipulagsbreytingum, og sér ekki alveg fyrir endann á því þótt við förum

reynslunni ríkari inn í nýtt ár. Ljóst er að undirrituð hefði ekki komist yfir þau verkefni sem unnin voru án aðstoðar frá auka starfsfólki, sem bæði var ráðið inn tímabundið í gegnum vinnumarkaðsúrræði og verkefnaráðið til einstakra verkefna. Í framtíðarsýn minni sé ég án nokkurs vafa fleira starfsfólk til að vinna að menningarmálum í okkar sístækkandi sveitarfélagi.

Heilt yfir er ég þó ánægð með hvernig til tókst á árinu við afar krefjandi aðstæður og vona að árið 2021 verði okkur farsælt og gjöfugt.

Reykjanesbæ, 26.janúar 2021

Guðlaug María Lewis

menningarfulltrúi



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS